



Eflingarþing 2026

FUNDARGERÐ

Dags: 26. - 27. febrúar 2026

Staðs.: Austurbær, Snorrabraut 37, 105 Reykjavík

Viðstaddir þingfulltrúar:

Á þingið mættu hátt í tvö hundruð þingfulltrúar sem starfa á fjölmörgum ólíkum vinnustöðum innan félagssvæðis Eflingar.

Önnur viðstödd:

- 24 starfsmenn Eflingar stéttarfélags.
- Niels Vendelbjerg og Niels Rúnar Gíslason túlkar.
- Birgir Ísleifur Gunnarsson ljósmyndari.
- Starfsmenn Austurbæjar

Sérstakir boðsgestir:

- Anna Bacia, formaður OPZZ-KP í Póllandi.
- Lars Christian Fjeldstad, lögfræðingur norska alþýðusambandsins.
- Ragnar Þór Ingólfsson, húsnæðis- og velferðarmálaráðherra.
- Jónas Atli Gunnarsson, yfirhagfræðingur HMS.

Þinginu stýrði: Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar.

26.02.2026 Formaður setti Eflingarþing fyrri þingdaginn klukkan 09:07. Hún stýrði þinginu. Þingritarar voru stjórnarmaður Guðmunda Valdís Helgadóttir ritari og varaformaður Þórir Jóhannesson.

Túlkar voru Niels Rúnar Gíslason og Niels Vendelbjerg.

1. Setningarræða

Sólveig Anna Jónsdóttir flutti setningarræðu þingsins. Hana má lesa [hér](#).

2. Vinnulota 1

Í fyrstu vinnulotu þingsins hófst málefnavinnan á því að sérstakir málefnaþingar úr röðum félagsmanna hvers af þeim fjórum málefnum sem átti að ræða komu í pontu. Þeir kynntu þær ályktanir sem trúnaðarráð hafði undirbúið til að leggja fyrir þingið.

Málefnaþingari málefnsins eignarhúsnæði var Hjördís Bech Ásgeirsdóttir.

Málefnaþingari málefnsins leiguhúsnæði var Hlynur Gauti Ómarsson.

Málefnaþingari málefnsins launasvik og kjarasamningsbrot var Sæþór Benjamín Randalsson.

Málefnaþingari málefnsins valdefling á vinnustað var Gintautas Varskevicius.

Eftir það var farið í kaffi.

3. Ávarp: Ragnar Þór Ingólfsson, húsnaðis- og félagsmálaráðherra

Ragnar Þór Ingólfsson flutti ávarp um húsnaðismál. Eftir að hann hafði lokið máli sínu fengu þingfulltrúar tækifæri til að bera fram spurningar til ráðherra. Ráðherra svaraði spurningunum.

4. Vinnulota 2

Í þessari vinnulotu kynntu fyrst þingfulltrúar á hverju borði sig fyrir hver öðrum. Þeir sögðu frá því hvers vegna þeir höfðu áhuga á að ræða það málefni sem hópurinn átti að ræða. Þessi vinnulota varð styttri en áætlað var í dagskrá vegna þess að spurningar til ráðherra og svör hans fóru nokkuð fram yfir tímann.

Hlé gert á fundi til að snæða hádegisverð.

5. Jónas Atli Gunnarsson, yfirhagfræðingur HMS flutti erindi um húsnaðismál.

Glærurnar sem hann notaði má má nálgast hér: [Áskoranir í húsnaðismálum](#).

6. Vinnulota 3-4

Í vinnulotum 3-4 sem voru aðskildar með kaffihléi ræddu hóparnir ályktanirnar sem trúnaðarráð lagði fyrir þingið. Verkefni hópanna var að koma með tillögur að breytingum og bætingum á texta ályktananna. Ritarar sem komu úr röðum starfsmanna Eflingar skráðu breytingatillögur inn í sérstakar fundargerðir fyrir hvern hóp.

Klukkan 15:56 frestaði formaður þinginu til morguns.

Eftir það hófst pílukæppni Eflingar sem stóð yfir til kl. 18.

27.02.2026

7. Setning seinni þingdags: Sólveig Anna Jónsdóttir

Formaður setti þingið seinni þingdaginn klukkan 09:05. Hún stýrði þinginu líkt og fyrri þingdag.

Formaður afhenti jafnframt verðlaun til sigurvegara í pílukastkeppni Eflingar. Sigurvegari pílumótsins var Arnas Rudokas, trúnaðarmaður í sorphirðu hjá Reykjavíkurborg.

8. Lars Christian Fjeldstad, lögfræðingur hjá norska alþýðusambandinu LO

Lars Christan Fjeldstad flutti erindi um lög gegn launaþjófnaði sem nýlega voru sett á í Noregi og hvernig dómur hafa fallið í dómstólum byggðir á þeim lögum. Glærurnar sem Lars notaði má finna hér: [Lagasetning í Noregi gegn launaþjófnaði](#).

9. Vinnulota 5: Lokaumræða um breytingatillögur innan hópanna

Þingfulltrúar héldu áfram umræðum í sínum málefnaþópum og kom sér saman um niðurstöðurnar úr sínum þóp, þ.e.a.s. hvaða tillögur þópurinn hafði um breytingar á ályktuninni um þeirra málefni.

10. Vinnulota 6: Walk and talk og fundir þópstjóra og ritara

Í þessari vinnulotu funduðu þópstjórar og ritara úr hverjum þóp með málefnaþjóra hvers málefni. Verkefnið var að ræða breytingatillögur þópanna og finna þeim stað í texta ályktananna. Á meðan fóru aðrir þingfulltrúar í svokallað walk and talk þar sem þeir gengu saman í þóp um hverfið og ræddu óformlega um málefni.

11. Fyrirlestur: Anna Bacia, formaður OPZZ-KP í Póllandi

Anna Bacia, formaður OPZZ-KP sem er stéttarfélag starfsfólks á hjúkrunarheimilum í Póllandi, flutti erindi um stofnun stéttarfélagsins og verkalýðsbaráttuna í Póllandi. Glærurnar hennar má sjá hér: [From Conflict to Negotiations in Emeis Poland](#).

12. Vinnulota 7: Starfsgreinahópar

Í þessari vinnulotu var þingfulltrúum skipt upp eftir starfsgreinum og ræddu þeir helstu áskoranir í sinni starfsgrein. Starfsgreinahóparnir komu svo upp á svið og ljósmyndari tók þópmyndir.

13. Vinnulota 8: Lokasamþykkt ályktana

Málefnaþjórar hvers málefni kynntu nýjar og betrubættar ályktanir. Í kjölfarið bar formaður ályktanirnar upp til samþykkis Eflingarþingsins. Kosið var með handauppréttingu.

Kosningaúrslitin voru sem hér segir:

Ályktunin um eignarhúsnæði var samþykkt einróma. Texta ályktunarinnar sem var samþykkt má sjá [hér](#).

Ályktunin um leiguhúsnæði var samþykkt einróma. Texta ályktunarinnar sem var samþykkt má sjá [hér](#).

Ályktunin um launasvik og kjarasamningsbrot var samþykkt einróma. Texta ályktunarinnar sem var samþykkt má sjá [hér](#).

Ályktunin um valdeflingu á vinnustað var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu. Einn þingfulltrúi kaus að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Texta ályktunarinnar sem var samþykkt má sjá [hér](#).

14. Þingslit

Sólveig Anna sleit fyrsta Eflingarþinginu klukkan 15:52.

Um kvöldið komu þingfulltrúar aftur í Austurbæ og þá var haldin þingveisla og ball þar sem hljómsveitin Bandmenn léku fyrir dansi.

	Samantekt á fundargerð þessari annaðist Atli Antonsson. Fundargerð þessa samþykktu þingritarar Guðmunda Valdís Helgadóttir og varaformaður Þórir Jóhannesson og formaður Sólveig Anna Jónsdóttir